



FUNDARGERÐ

Þriðjudaginn 31. mars 2015, kl 17.30 var fundur haldinn í tómskúla- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Sigurlaug Ingimundardótti, Guðlaug Grétarsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Björn Hallbjörnsson og Magnús B. Jónsson. Auk þessu voru formenn félagasamtaka boðaðir á fundinn og mættu: Kristín Björnsdóttir frá Skógræktarfélaginu, Reynir Lýðsson frá Björgunarsveitinni Strönd og Baldur Magnússon frá Umf Fram,

Sigurlaug Ingimundardóttir, formaður setti fundinn.

1. Bæjarhátíðir.

Fundarmenn ræddu möguleika á að félög á Skagaströnd tækju ákveðin þátt í að koma á bæjarhátíð. Niðurstaða fundarins var að halda áfram að vinna með hugmynd að hátíð sem byggði á því að hvert félag gerði eitthvað skemmtilegt á sínu áhugasviði og þannig yrði gerður dagamunur sem úr gæti orðið bæjarhátíð. Tímasetning var rædd og kom laugardagurinn 15. ágúst helst til greina.

Ákveðið að vinna áfram að hugmyndinni og leita til fleiri félaga og hagsmunaaðila og óska eftir þátttöku eða aðild þeirra.

2. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.30

Sigurlaug Ingimundardótti,

Guðlaug Grétarsdóttir,

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir,

Björn Hallbjörnsson

Magnús B. Jónsson